

AUGLÝSING

um staðfestingu á verklagsreglum Bændasamtaka Íslands um ráðstöfun fjár til rannsókna og þróunarverkefna í nautgripærækt.

Með vísan til c-liðar 11. gr. reglugerðar nr. 648/2009 um greiðslumark mjólkur á lögbylum og greiðslur til bænda frá 1. september 2009 til 31. desember 2010 og samnings um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu dags. 10. maí 2004, hafa Bændasamtök Ísland sett reglur um ráðstöfun fjár til rannsókna og þróunarverkefna í nautgripærækt, til þess að öðlast gildi við birtingu.

Með vísan til 1. mgr. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað nr. 15/2005 eru ofangreindar reglur birtar í Stjórnartíðindum sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 24. mars 2010.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Arnór Snæbjörnsson.

Fylgiskjal.

Verklagsreglur Bændasamtaka Íslands um ráðstöfun fjár til rannsókna og þróunarverkefna í nautgripærækt.

1.

Reglur þessar fjalla um ráðstöfun fjármagns sem ákveðið er í c-lið 11. gr. reglugerðar nr. 648/2009. Upphæðin er 11 milljónir og skal varið til rannsókna- og/eða þróunarverkefna í nautgripærækt. Reglur þessar gilda einnig um ráðstöfun fjármuna sem ákveðnir voru í b-lið 11. gr. reglugerðar nr. 631 frá 12. júlí 2007, og d-lið 11. gr. reglugerðar nr. 670 frá 7. júlí 2008, en hefur ekki verið að fullu ráðstafað.

2.

Stjórn Bændasamtaka Íslands annast vörslu umræddra fjármuna, og umsóknir um styrki skal senda til Bændasamtaka Íslands. Stjórn Bændasamtaka Íslands úthlutar styrkjum eftir umsóknum eða á grundvelli tillagna Fagráðs í nautgripærækt, sjá 3. málslíð 3. gr. Stjórnin skal leita umsagnar Fagráðs í nautgripærækt um allar umsóknir sem henni berast skv. reglum þessum. Jákvæð umsögn Fagráðs er forsenda styrkveitingar.

3.

Fagráð í nautgripærækt leggur faglegt mat á umsóknir um styrkveitingar. Styrkhæf eru hver þau verkefni sem talin eru styrkja íslenska nautgripærækt.

Fagráðið getur gert sjálfstæðar tillögur um ráðstöfun fjár, enda samræmist það markmiðum um að styrkja þróun og þekkingu í nautgripærækt.

4.

Styrkþegar geta verið einstaklingar og/eða lögaðilar.

5.

Umsókn skal fylgja eftirfarandi:

- a) Listi yfir alla sem eiga aðild að verkefninu.
- b) Yfirlit um tilgang og markmið verkefnisins.
- c) Tímaáætlun verkefnisins.

- d) Fjárhagsáætlun verkefnisins í heild.
- e) Upplýsingar um hvernig niðurstöður verða kynntar og/eða hvernig verkefnið nýtist nautgriparæktinni.

6.

Styrkþegar skulu skila nauðsynlegum upplýsingum um framvindu verkefna til Bændasamtaka Íslands og Fagráðs í nautgriparækt.

7.

Bændasamtök Íslands skulu árlega skila yfirliti til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis um ráðstöfun fjár samkvæmt reglum þessum. Fjárhæðir skulu sundurliðaðar eftir verkefnum.

8.

Við gildistöku þessara reglna falla úr gildi reglur sama efnis staðfestar af sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu 17. nóvember 2008.